

Sóknaráætlun Vesturlands

Flokkun í anda hringrásarhagkerfis

Styrkþegar og verkefni

Körfuknattleiksdeild Skallagríms kr. 300.000

Nytjamarkaður - flokkun og endurnýting

Styrkur til reksturs nytjamarkaðar sem deildin hefur starfrækt frá árinu 2009. Markaðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í hringrásarhagkerfinu og stuðlar að endurnýtingu nytjahluta og þar með er dregið úr kostnaði við úrgangsmál. Mikið magn nytjahluta fer í gegnum markaðinn, og áætlað er að einn 20 feta gámur fyllist í hverri viku af endurnýtanlegum hlutum og húsgögnum. Nytjamarkaðurinn er vinsæll viðkomustaður heimamanna og gesta og því er starfsemin gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagið og fyrir umhverfið enda má ætla að ef ekki væri fyrir markaðinn, þá færi allt sem safnast í urðun. Öll vinna við markaðinn er unnin í sjálfbóðaliðastarfi.

Herdís Arna Hallgrímsdóttir kr. 100.000

Umhverfisvani

Sýning með listaverkum sem einblína á endurnotkun ásamt bók með hugmyndum og upplýsingum um hvernig hægt sé að lifa umhverfisvænni lífstíl.

Markmið verkefnisins er að vekja íbúa landsins til umhugsunar um umhverfið og hversu máttug áhrif við getum haft með daglegum venjum. Vonin er sú að ungir sem aldnir, opni hugann gagnvart umhverfisvænni hugsun og háttum. Sýningin sem verður haldin 2025 mun vera samansafn listaverka unnin með hráefnisnýtingu í huga og bók með fróðleik tengdum umhverfisvænum venjur.

Ágústa Sverrisdóttir kr. 300.000

Frískápurinn á Akranesi

Frískápnurinn á Akranesi var komið á laggirnar sumarið 2023. Markmið frískápsins er fyrst og fremst að stuðla að minni matarsóun. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir geta komið neysluhæfum mat í skápinn, sem getur svo nýst öðrum. Verkefninu er stýrt af umsækjanda sem hefur fengið sjálfbóðaliða með í að sjá um umhirðu frískápsins og þrif. Fyrirtæki hafa tekið þátt í verkefninu og látið vita þegar eitthvað fellur til hjá þeim, sem hægt er að bjarga frá ruslinu. Mikilvægt er að koma málefnið betur á framfæri, jafnvel í samstarfi við skólana með gerð fræðsluefnis um matarsóun, líftíma matvæla, nýtingu matvæla í fjölbreytta rétti og svolítið í leiðinni hvetja almenning til sjálfbóðastarfs í þágu samfélagsins almennt.



Hjal slf. kr. 300.000

Kynning og markaðssetning Loppusjoppunnar í Stykkishólmi

Loppusjoppan hefur verið starfrækt í Stykkishólmi í hálf t. ár. Starfsemin hefur gengið vel og greinileg eftirspurn eftir plássi til að endurselja notaða hluti. Markmið umsækjanda er að koma starfseminni á framfæri við samfélögin á Vesturlandi, sérstaklega á Snæfellsnesi, og meta þörf og eftirspurn á stærra markaðssvæði. Í húsnæði Loppusjoppunnar eru einnig seldar umhverfisvænar hreinlætisvörur sem fólk getur keypt eftir vigt. Farið verður í markaðssetningu og kynningu á starfseminni og þeim tækifærum sem hún veitir okkur til endurnotkunar á hlutum, bæði fatnaði og öðrum nytjahlutum. Með verkefni þessu er verið að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er sem dregur úr úrgangsmýndun á svæðinu og kostnaði við meðhöndlun úrgangs.

Sigrún Jóhannsdóttir kr. 200.000

Endurvinnsla á ullarvörum

Ónýtum eða skemmdum ullarpeysum er safnað frá Rauða krossinum og öðrum verslunum eða stofnunum sem gefa notaðan fatnað. Þessum peysur, sem oft eru taldar ónothæfar, er gefið nýtt líf með viðgerðum, endurgerð eða breytingum. Þannig verður til einstök vara með sögu, handverki og virðingu fyrir umhverfinu. Peysurnar verða seldar sem second-hand vörur í litlu básformi fyrir utan heimili umsækjanda í Stykkishólmi. Með þessu er íbúum og ferðamönnum boðið upp á einstakar, sjálfbærar vörur og skapa um leið meðvitund um gildi endurnýtingar og umhverfisvæns lífsstíls.

Hildur Aðalbjörg Ingadóttir kr. 100.000

Reuse class (heilsuefling og eflandi heilsuvitund barna á grunnskólaaldri)

Þrautabrautagarður fyrir börn. Afmarkað rými utandyra þar sem börn á grunnskólaaldri fá aðgang að fyrirfram völdu dóti sem skilað hefur verið á gámastöð. Börnin fá tækifæri til þess að útbúa sína eigin líkamsrækt, sjá notagildi hlutanna frá öðru sjónarhorni, setja þá í samhengi við heilsurækt og sína eigin stoðkerfisverki ef eru og skapa eitthvað sjálf. Á sama tíma eflir það líkamsvitund, þau fá tækifæri til þess að vera hugmyndasmiðir og hönnuðir. Styrkur veittur í frekari þróun verkefnis.

Heiðdís Lind Kristinsdóttir kr. 150.000

Sveitagarður á Sólvöllum

Hugmyndin er að útbúa sveitagarð á leikskólalóðinni þar sem grænmeti verður ræktað ásamt því að halda 2-4 hænur sem við gefum matarafganga og fáum egg í staðinn. Í því felst mikill lærdómur um sjálfbærni auk þess að læra bera virðingu fyrir dýrunum. Í framtíðinni langar okkur að gera okkar eigin moltu þar sem börnin læra um hringrásina. Með verkefninu fræðast



börnin um hringrásina þar sem hænurnar verða fóðraðar að hluta til á lífrænum matarafgöngum frá eldhúsi leikskólans þar sem matarafgangar nýtast sem fóður í stað þess að enda sem úrgangur. Þetta dregur úr matarsóun og minnkar magn lífræns sorps sem annars færi til urðunar eða moltugerðar. Egginn sem hænurnar verpa verða nýtt innan leikskólans og hæsnaskíturinn verður nýttur í moltugerð ásamt garðúrgangi og öðrum lífrænum úrgangi sem minnkar þörf á kaupum á áburði.

Hollvinasamtök Borgarness kr. 300.000

Loppumarkaður

Loppumarkaður hefur verið haldinn á vegum Hollvinasamtaka Borgarness, á meðan Brákarhátíð hefur verið haldin í Borgarnesi. Með markaðnum hefur Borgnesingum og íbúum í nágrenni tekist að koma með fatnað sem þeir eru hættir að nota og selja í hendurnar á næstu notendum. Verkefnið dregur þannig úr fatasóun í Borgarbyggð. Hollvinasamtökin hafa hug á að halda oftar markaði þar sem íbúar Borgarness og nágrennis, geta komið með flíkur sínar og selt til áframhaldandi nota.

Safnahús Borgarfjarðar kr. 250.000

Listin að endurnýta

Um er að ræða tvo tengda viðburði sem áætlað er að verði haustið 2025. Annars vegar er hugmyndin að fá Sævar Helga Bragason til að halda fyrirlestur hugsaðan fyrir ungt fólk um mikilvægi flokkunar og endurnýtingar. Hins vegar að fá listamanneskju til að halda listamiðju fyrir börn þar sem viðfangsefnið verður náttúran og endurnýting. Síðustu ár hefur Safnahúsið staðið fyrir búningaskiptadegi í kringum hrekkjavöku og öskudag og er hugmyndin að halda áfram með þessa viðburði.

Verkefnið eflir vitund ungu kynslóðarinnar um mikilvægi endurvinnslu og endurnýtingar á skemmtilegan og lifandi hátt, að horfa á rusl ekki bara sem rusl heldur sem tækifæri til að gera eitthvað nýtt.

Mundialis kr. 300.000

Nýting afskurðar í grænmetisrækt

Í grænmetisframleiðslu fyrirtækisins fellur til mikið af afskurði sem þarf að henda. Verkefnið snýr að því að safna saman afskurðinum og frostþurrka. Eftir frostþurrkun er afskurðurinn malaður, pakkaður og seldur sem fæðubótarefni (mulið grænmeti).

Í stað þess að henda afskurði sem ekki er hægt að selja verður hann nýttur á nýjan hátt. Með þessum hætti er hægt að draga verulega, jafnvel algjörlega, úr sóun.



Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir kr. 300.000

Matarsjóðurinn

Verkefnið snýst um gera samninga við birgja í Borgarbyggð um gjaldfrjálsa móttöku á matvöru sem ekki er lengur löglegt að selja vegna fyrningardagsetningar. Þá verða gerðir samningar við við veitingafólk með viðurkennd/vottuð eldhús til afnota fyrir nýtingu á hluta þessara matvæla til matreiðslu á máltíðum með reglulegu millibili. Máltíðir sem matreiddar verða í samstarfi við veitingaaðila, af ábyrgðaraðila, verða í boði endurgjaldslaust fyrir alla sem vilja, óháð stöðu og efnahag. Afgangur á hrávöru sem ekki nýtist er komið fyrir í frískáp sem er staðsettur fyrir utan heimili ábyrgðaraðila í Borgarnesi. Sambærilegum ísskápi væri gaman að koma upp á Bifröst.

Pavle Estrajher kr. 200.000

Endurnýting djúpsteikingarolíu

Verkefnið snýst um að endurnýta úrgangsolíu sem kemur úr djúpsteikingarpottum sem smurolíu fyrir keðjusagir. Með því er einnig notað lífrænt efni í stað fyrir hefðbundna keðjusagaolíu sem er oftast jarðefnaeldsneyti.